

Ársrit SFF

2020

Fjármálafyrirtæki hluti af lausninni

Ávarp framkvæmdastjóra

sff.

Fjármálafyrirtæki brugðust skjótt við til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs Covid-19 á heimili og fyrirtæki. Gripið hefur verið til fjölbreyttra úrræða frá því að heimsfaraldurinn brast á til að draga úr þeim búsjfum sem ljóst er að fjöldi heimila og fyrirtækja eru að verða fyrir sökum faraldursins. Aðgerðir fjármálafyrirtækja hafa m.a. byggt á samkomulagi milli lánveitenda, samstarfi við stjórnvöld en ekki síst samvinnu einstaka fjármálafyrirtækja við sína viðskiptavini. Leitað er allra leiða til að koma heimilum og fyrirtækjum í gegnum þennan erfiða tíma óvissu, tekjufalls og atvinnumissis.

Efnahagssamdráttur og aukin óvissa hefur dregið úr eftirspurn fyrirtækja eftir lánnum enda dregur ástandið bæði úr áhættusækni og framboði á arðbærum fjárfestingartækifærum. Nauðsynlegt verður að auka fjárfestingu hratt og örugglega og styðja þannig við atvinnusköpun og aukin lífskjör almennings.

Fjármálafyrirtækin standa traustum fótum og verða hluti af lausninni með því að taka virkan þátt í þeirri viðspyrnu sem fram undan er þegar draga fer úr óvissu og vilji til fjárfestinga eykst.



Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

Stjórnvöld þurfa að stuðla að jafnri og heilbrigðri samkeppni

Ávarp framkvæmdastjóra

sff.

Mikil hagræðing hefur átt sér stað í fjármálakerfinu á undanförunum árum í krafti aukinnar skilvirkni og tækninýjunga. Áfram þarf að halda á þeirri braut og þar leika stjórnvöld jafnframt stórt hlutverk. Það er til mikils að vinna fyrir alla því hagkvæmari rekstur skilar sér í aukinni samkeppnishæfni og hagstæðari viðskiptakjörum til viðskiptavina. SFF hafa beitt sér í þessum efnum og meðal annars unnið að kortlagningu tækifæra til hagræðingar þegar kemur að sameiginlegum fjármálainnvíðum. Samstarf um rekstur slíkra innviða er algengt á Norðurlöndunum og getur leitt til umtalsverðs sparnaðar.

Samtök fjármálafyrirtækja hafa á um langt skeið óskað eftir samvinnu við stjórnvöld um breytingar á lagaumhverfi váttryggingafélaga. Eitt þeirra mála lýtur að ökutækjatrýggingum og örorkumatsferli í kjölfar umferðaslysa, en einnig slysa í öðrum

greinum váttrygginga þar sem bætur fyrir líkamstjón eru ákveðnar samkvæmt reglum skaðabótalaga. Í kaflanum um váttryggingamarkaðinn í þessu riti er farið yfir áherslur SFF í þessum efnum m.a. breytingar á löggjöf og framkvæmd skaðabótalaga sem leitt gætu til töluverðrar hagræðingar.

Í Ársriti Samtaka fjármálafyrirtækja að þessu sinni er fjallað ítarlega um mögulegar leiðir til þess að minnka vaxtamuninn í íslensku fjármálakerfi og þar með vaxtakostnað heimila og fyrirtækja. Helstu tækifærin liggja í að lækka sérstaka skatta og gjöld, lækka eiginfjárkröfur, auka hagræðingu í rekstri fjármálafyrirtækja enn frekar og stuðla jafnframt að frekara samstarfi um rekstur innviða. Þarna liggja mikil vannýtt tækifæri til að auka skilvirkni í starfsumhverfi fjármálafyrirtækja íslenskum neytendum til hagsbóta.

Samkeppnin er hörð á fjármálamörkuðum og neytendur virkir. Sértæk álagning skatta og gjalda á einstaka aðila auk mismunandi regluverks og krafna um eiginfjárbindingu skekkir samkeppnisstöðuna. Stjórnvöld verða að horfa til þessa og gæta þess að aðilar í samkeppni á markaði sitji við sama borð. Þetta snýst ekki bara um að bæta starfsumhverfi fjármálafyrirtækja heldur er heilbrigð samkeppni samfélaginu í heild til góðs.

Við hjá Samtökum fjármálafyrirtækja viljum leggja okkur fram um að veita góðar og gagnlegar upplýsingar um starfsumhverfi okkar aðildarfyrirtækja. Þær upplýsingar eru ávallt opnar fyrir rýni því við viljum eiga öflugt og hreinskiptið samtal um hlutverk fjármálafyrirtækja samfélaginu og bestu leiðirnar fyrir heimili og fyrirtæki.

Samantekt

Viðbrögð við heimsfaraldri

- Frá því að lánveitendur opnuðu fyrir greiðsluhlé á fasteignalánnum til neytenda í vor hafa um 5.500 umsóknir verið samþykktar.
- Eftirstöðvar fasteignalána sem hafa fengið greiðsluhlé frá því í vor eru tæplega 150 ma.kr.
- Fyrri hluta septembermánaðar var heildarfjárhæð lána í virku greiðsluhléi rúmlega 58 ma.kr.
- Um miðjan september voru um 8,6% útlána til fyrirtækja í greiðsluhléi og lækkaði hlutfallið úr tæplega 17% í byrjun júní. Nýting úrræðisins hefur verið mest hjá fyrirtækjum í þjónustugreinum og verslun.
- Talsverð eftirspurn hefur verið eftir stuðningslánnum og í október var búið að veita um 742 slík lán að fjárhæð rúmlega 5,9 ma.kr.
- Tæplega 23% útlána bankanna til ferðaþjónustu voru í greiðsluhléi um miðjan september en frá því að úrræðið var kynnt hafa um 63% af lánnum til greinarinnar fengið greiðsluhlé.
- Einungis hafa verið veitt fjögur viðbótarlán og liggur heildarfjárhæðin ekki fyrir.
- Úrræðið hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Þegar úrræðið var kynnt bentu SFF á að líklegt væri að lánastofnanir yrðu tregar til að veita viðbótarlán og að fyrirtæki myndu ekki sækjast eftir þeim með þeim skilyrðum sem gerð voru.
- Lög um greiðsluskjól voru samþykkt í júní sl. Úrræðið er tímabundið og veitir fyrirtækjum í neyð heimild til að fá greiðsluskjól í áföngum í allt að ár. Í október höfðu 17 umsóknir um greiðsluskjól borist.
- Alls höfðu 20,8 ma.kr. verið greiddir út þann 5. nóvember sl. frá því að fólki var gert kleift að taka út séreignasparnað til frjálsra nota. Meðalgreiðslan á mann á mánuði er um hálf milljón króna.

Kostnaðarhagræðing og aukin skilvirkni

- Vaxtamunur kerfislega mikilvægra banka hefur verið um og yfir einu prósentustigi hærra en hjá sambærilegum norrænum bönkum m.a. vegna hárra eiginfjárfrafna og sérstakra skatta og gjalda.
- Fjármála- og váttryggingafélög greiddu hátt í 22 ma. kr. til viðbótar við almenna skatta vegna sérstakra skatta og gjalda árið 2019.
- Aðildarfyrirtæki SFF greiddu 36,8 ma.kr. í opinber gjöld árið 2019.
- Kostnaður vegna sérstakra skatta og gjalda nemur rúmum fimm milljónum á hvern starfsmann eða rúmlega helming (54%) af meðalárslaunum innan fjármála- og váttryggingageirans.
- Þrátt fyrir lækkun bankaskatts á árinu 2021 og lækkun iðgjalda í innstæðutryggingarsjóð má áætla að sérstakir skattar og gjöld á banka verði fimmfalt hærra hér en í nágrannaríkjum.
- Fjármálafyrirtæki hafa fækkað starfsfólki um 2.400 (-41%) og afgangslustöðum um 77 eða hátt í helming (-49%) frá árinu 2007. Starfa nú um 3.500 manns hjá fjármálafyrirtækjum.
- Krafa vegna eiginfjárafuka kerfislega mikilvægra banka er hátt í tvöfalt hærra hér á landi (7,3%) en að meðaltali innan Evrópu (3,8%).
- Áhættugrunnur er hvergi innan Evrópu hærra en hér og er hann hátt í tvöfalt hærra (71%) en í Evrópu að meðaltali (37%).
- Þetta leiðir til þess að eiginfjársbinding sem hlutfall af heildareignum héraendis (1,75%) er hátt í þrisvar sinnum (2,6x) meiri en innan Evrópu (0,67%) að meðaltali.
- Rafrænar þinglýsingar er lykilþáttur til að auka skilvirkni, minnka biðtíma og hraða viðskiptum og er þjóðhagslegur ávinningur metinn á bilinu 1,2-1,7 ma.kr á ári.

Samantekt

Samkeppni á útlánamarkaði

- Útlán til fyrirtækja hafa svo gott sem staðið í stað frá haustmánuðum árið 2019, leiðrétt fyrir gengisáhrifum. Á sama tíma hefur ársvöxtur útlána til heimila haldist um og yfir 5% frá því um mitt ár 2017.
- Efnahagssamdráttur og aukin óvissa vegna Covid-19 hefur dregið úr eftirspurn fyrirtækja eftir lánum enda dregur ástandið bæði úr áhættusækni og framboði á arðbærum fjárfestingartækifærum.
- Skuldir fyrirtækja eru að mestu fjármagnaðar af bankakerfinu (53%) en erlendir lánveitendur eru þar á eftir með 22% hlutdeild á fjármögnunarmarkaði íslenskra fyrirtækja.
- Rúmur þriðjungur skulda fyrirtækja er í erlendum gjaldmiðlum (38%) og hafa gengisbreytingar því veruleg áhrif á skuldastöðu fyrirtækja mælda í krónum.
- Rúmur helmingur af gengisbundnum skuldum fyrirtækja eru fjármagnaðar af erlendum aðilum um þessar mundir eða um 57%.
- Frá og með árinu 2013 hafa bankarnir aukið húsnæðislán sín um 612 ma.kr. eða um 79% og lífeyrissjóðirnir um 376 ma.kr. eða 158%. Á sama tímabili nema uppgreiðslur hjá Íbúðalánasjóði 471 ma.kr. og hefur húsnæðislánasafn þeirra minnkað um 69%.
- Bankarnir hafa aukið sína hlutdeild á húsnæðislánamarkaði um helming frá árinu 2013 og fjármagna nú 58% húsnæðislána. Lífeyrissjóðir hafa rúmlega tvöfaldað sína hlutdeild í 29% og hafa vaxið hraðast af lánveitendum húsnæðislána.

Samantekt

Vátryggingarekstur

- Heildartekjur vátryggingafélaganna fjögurra (Sjóvá, TM, VÍS og Vörður) jukust um 14% eða 10,2 ma.kr. á árinu 2019, frá fyrra ári. Munar þar mest um mikla aukningu í fjárfestingatekjum.
- Samsett hlutfall er mælikvarði á það hvort iðgjöld standi undir kostnaði vegna tjóna og tryggingareksturs. Sé hlutfallið yfir 100% þýðir það að kostnaður sé hærri en iðgjöld og að taprekstur sé á tryggingastarfseminni.
- Á síðastliðnum fimm árum fór samsetta hlutfallið hæst í 104% á árinu 2015 en hefur síðan farið lækkandi og var 97% á síðastliðnu ári.
- Á síðustu fimm árum fór kostnaður við tryggingastarfsemi, sem hlutfall af iðgjöldum, hæst í 22,9% á árinu 2016 en hefur síðan farið lækkandi og var 19,6% á síðastliðnu ári.
- Tjónakostnaður vátryggingafélaganna jókst um 2,1 ma.kr. eða 4% á árinu 2019, en iðgjöld jukust um 7% á sama tímabili. Fyrir vikið lækkuðu tjón sem hlutfall af iðgjöldum úr 78% í 76% á árinu 2019 frá fyrra ári.
- Miðað við áætlaða tíðni vátryggingasvika í nágrannalöndunum má gera ráð fyrir að vátryggingasvik nemi um 3 milljörðum króna á hverju ári hér á landi.
- Á árinu 2016 voru 75% tryggingafjárhæða greiddar tjónpolum sem metnir voru með 15% varanlega örorku eða lægri og snérust 92% allra mála það ár um tjónpola með undir 15% varanlega metna örorku.

Efnisyfirlit

1. Viðbrögð við heimsfaraldri	10
Fjármálafyrirtæki hluti af lausninni	11
Mikið sótt í stuðningslán	13
Greiðsluhlé skapar andrými á erfiðum tímum	14
Fyrirtækjum veitt skjól til að endurskipuleggja rekstur sinn	15
2. Hvernig lækkum við vaxtakostnað á Íslandi?	17
Hvaða þættir skýra vaxtamun?	18
Hvað geta fjármálafyrirtækin gert?	20
Hvað geta stjórnvöld gert?	23
Aðrir áhrifaþættir	37
3. Vátryggingarekstur	41
75% tryggingafjárhæða til tjónþola með metna varanlega örorku undir 15%	42
Vátryggingasvikum fylgir mikill samfélagslegur kostnaður	44
Fjárfestingatekjur drífa tekjuvöxt vátryggingafélaga á síðasta ári	45
Tryggingastarfsemi arðbærari	48

Efnisyfirlit

4. Samkeppni á útlánamarkaði	49
Heimilin drífa skuldavöxt einkageirans	51
Erlendir lánveitendur fjármagna um fimmtung af skuldum fyrirtækja	52
Heimilin færa sig yfir í óverðtryggð lán	55
Bankar og lífeyrissjóðir hafa sótt í sig veðrið í húsnæðislánum	56
5. Ýmis hagsmunamál	59
Netárásir vaxandi ógn	60
Málum hjá úrskurðarnefndum fækkar	61
Ísland af gráa listanum	62
6. Fjármálavit	63
Markmið verkefnisins	65
Yfir þrjú hundruð starfsmenn aðildarfyrirtækja hafa farið í skólaheimsóknir	65
Stelpur á landsbyggðinni skora hæst	66

1 Viðbrögð við heimsfaraldri

Glíman við Covid

Stór þáttur í starfi SFF er þátttaka í vinnu stjórnvalda við mótnun löggjafar á fjármála- og váttryggingamarkaði. SFF tilnefna þá sérfræðinga til setu í nefndum sem hafa það hlutverk að móta löggjöf á sviði fjármálamarkaðar. Þá fer fram á vettvangi SFF viðamikil rýni á löggjöf sem er í farvatninu. Í ljósi heimsfaraldurs kórónuveiru var árið 2020 óvenjulegt í löggjafarstarfinu þar sem stjórnvöld hrundu af stað ýmsum aðgerðum til að mæta efnahagslegum áhrifum faraldursins. Þessar aðgerðir tóku bæði til atvinnurekstrar og heimila og kölluðu á samvinnu við lánveitendur innan raða SFF



Fjármálafyrirtæki hluti af lausninni

Aðgerðir fyrir fyrirtæki og einstaklinga


sff.



Greiðsluhlé

Fyrirtæki og einstaklingar geta sótt um að fresta greiðslum á lánum sínum.

- Frá lokum mars til loka september var í gildi samkomulag lánveitenda um greiðslufresti. Tryggði það skjóta afgreiðslu mála á óvissutíma.
- Frá lokum september geta fyrirtæki og einstaklingar áfram sótt um greiðslufresti hjá sínum lánveitendum



Viðbótarlán

Viðbótarlán með ríkisábyrgð, allt að 1,2 milljarðar króna.


- Hámarksábyrgð er 70%
- Lán til einstaks fyrirtækis að hámarki sem nemur tvöföldum árslaunakostnaði
- Launakostnaður að lágmarki 25% af heildarrekstrarkostnaði



Stuðningslán

Rekstrarlán til minni fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjufalli vegna faraldursins, allt að 40 milljónir króna.

- 100% ríkisábyrgð á lánum að 10 milljónum króna
- 85% ríkisábyrgð á lánum frá 10 milljónum að 40 milljónum króna



Úttekt á séreign

Heimild til úttektar séreignarsparnaðar nær til tímabilsins frá 1. apríl til og með 31. desember 2020

- Úttekt allt að 12 m.kr. alls
- Úttekt fjárhæðar dreifist á 15 mánuði

Fjármálafyrirtæki hluti af lausninni

Aðgerðir fyrir fyrirtæki og einstaklinga

sff.




Stuðningslán

893

Fyrirtæki

7,4

Milljarðar króna



Viðbótarlán

5

Fyrirtæki

≈1

Milljarður króna




Greiðsluhlé

1.800

Fyrirtæki

4.100

Einstaklingar



Úttekt á séreign

20,8

Milljarðar króna

Mikið sótt í stuðningslán

Færri sækjast eftir viðbótarlánnum

sff.

Stuðningslán

Í júlí var opnað fyrir umsóknir um stuðningslán sem bankarnir veita en ríkissjóður ábyrgist 85-100% eftir fjárhæðum. Talsverð eftirspurn hefur verið eftir stuðningslánnum og í október var búið að veita um 781 slíkt lán að fjárhæð um 6,3 ma.kr. Fyrirtækjum í flestum greinum hafa verið veitt stuðningslán en um 56% lánanna hafa verið veitt til fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Viðbótarlán

Einungis hafa verið veitt fimm viðbótarlán. Í minnisblaði SFF til Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra og Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra var bent á að miðað við skilyrði og umgjörð lánanna væri líklegt að fyrirtæki yrðu treg til að sækjast eftir viðbótarláni og jafnframt kynnu lánastofnanir að verða tregar til að veita viðbótarlán með þeim skilyrðum sem sett voru.

893

Fyrirtæki

7,4

Milljarðar króna




5

Fyrirtæki

≈1

Milljarður króna



Greiðsluhlé skapar andrými á erfiðum tímum

sff.

Greiðsluhlé einstaklinga

Lánveitendur bjóða alla jafna upp á greiðsluhlé vegna greiðsluerfiðleika. Eftir að heimsfaraldurinn skall á fjölgaði beiðnum um greiðsluhlé verulega. Þegar mest lét á úrræðinu í lok maí nýttu um 4.100 aðilar sér greiðsluhlé og námu skuldir þess hóps 111 mö.kr. Enn voru 815 aðilar í greiðsluhléi í seinni hluta nóvember og námu skuldir þess hóps 18,5 mö.kr.

Greiðsluhlé fyrirtækja


Í lok mars gerðu lánveitendur með sér samkomulag um greiðslufresti á lánum fyrirtækja sem ætlað var að tryggja jafnræði milli lántaka og lánveitenda ásamt því að tryggja skjóta úrlausn mála þegar óvissan var sem mest. Samkomulagið gildi til loka september. Um miðjan september voru um 8,6% útlána til fyrirtækja í greiðsluhléi og hafði hlutfallið lækkað úr tæplega 17% þegar mest var í byrjun júní. Nýting úrræðisins hefur verið mest hjá fyrirtækjum í þjónustugreinum og verslun. Tæplega 23% útlána bankanna til ferðaþjónustu voru í greiðsluhléi um miðjan september en frá því að úrræðið var kynnt hafa um 63% af lánum til greinarinnar fengið greiðsluhlé.

111

Milljarðar króna

7%

Af heildarlánnum



295

Milljarðar króna

17%

Af heildarlánnum

Fyrirtækjum veitt skjól til að endurskipuleggja rekstur sinn


Mikilvægt úrræði á óvissutímum

sff.

Tímabundin lagaheimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja

Nýju úrræði, tímabundinni heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar atvinnufyrirtækja, var komið á fót með lögum nr. 57/2020, vegna hinnar miklu efnahagslegu óvissu sem stafar af heimsfaraldrinum. Samhliða voru gerðar breytingar á ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Úrræðið er í stórum dráttum byggt á reglum um greiðslustöðvun og nauðasamninga þar sem fyrirtækjum er veitt aukið svigrúm til samningagerðar o.fl.

Enn er ófyrirséð hversu lengi faraldurinn mun standa og hversu mikil áhrif hann mun hafa á efnahagslífið en ljóst er að mörg fyrirtæki sem hafa reitt sig á tekjur af ferðaþjónustu og tengdar atvinnugreinar eru í miklum erfiðleikum. Markmið lagabreytinganna er að atvinnufyrirtæki geti með tiltölulega einföldum aðgerðum fengið skjól til að endurskipuleggja rekstur sinn á meðan þetta ástand varir og samningar við kröfuhafa eða hefðbundin úrræði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um greiðslustöðvun og nauðasamninga duga ekki að öllu leyti til á þessum miklu óvissutímum sem nú ríkja.



Beiðnir afgreiddar hratt og vel

Bráðbirgðaákvæði í þinglýsingalög

Síðastliðið vor, þegar hjól atvinnulífsins hættu að snúast með sama hraða og áður vegna heimsfaraldursins, myndaðist rík þörf hjá fyrirtækjum og heimilum landsins fyrir greiðslufrestanir á lánum. Alþingi brást vel við ákalli SFF um setningu ákvæðis til bráðabirgða við þinglýsingalög sem veitti viðauka við veðbréf, sem kveður á um frestun greiðslna á skuldum einstaklinga eða fyrirtækja í allt að níu mánuði, sömu réttaráhrif og ef honum væri þinglýst og hann samþykktur af síðari veðhöfum. Ákvæðið var lögfest með lögum nr. 25/2020. Með þessu var lánveitendum gert kleift að afgreiða beiðnir viðskiptavina um greiðslufrestanir hratt og vel með rafrænum afgreiðslu.



2. Hvernig lækkum við vaxtakostnað á Íslandi?

Vaxtamunur og áhrifaþættir

Vaxtamunur er sú álagning banka á útlán sem nauðsynleg er til þess að standa straum af rekstrarkostnaði, útlánatöpum, sköttum og öðrum gjöldum sem greidd eru til opinberra aðila og háum kröfum um eigið fé sem til þeirra eru gerðar. Bankarnir hafa takmarkaða stjórn á útlánatöpum og litla sem enga stjórn á sköttum, opinberum gjöldum og eiginfjárkröfum sem til þeirra eru gerðar. Í þessum kafla verða þeir kostnaðarliðir sem vaxtamunur bankanna stendur straum af skoðaðir með hliðsjón af því hvernig hægt er að auka skilvirkni og draga úr kostnaði almennings við fjármálaþjónustu.



Hvaða þættir skýra vaxtamun?

Samspil innri og ytri þátta í rekstri bankanna

sff.

Ytri þættir

Sérstakir skattar/gjöld

- Sérstakir skattar og opinber gjöld hafa áhrif á vaxtamuninn

Eiginfjárkröfur

- Krafa um hátt eiginfjárhlutfall leiðir til dýrari fjármálaþjónustu
- Vaxtamunur þarf að standa undir arðsemiskröfu þeirra sem leggja til eigið fé

Rekstrarkostnaður

- Hönnun, uppsetning og grunnrekstur hugbúnaðar- og tölvukerfa
- Launakostnaður
- Tækifæri felast m.a. í stafrænum lausnum, aukinni sérhæfingu eða úthýsingu og samstarfi í innviðum

Útlánaáhætta

- Aukin áhætta leiðir til hærri útlánavaxta og eykur vaxtamun
- Hægt að draga úr útlánaáættu með:
 - góðri áhættustýringu
 - góðri hagstjórn

Á færi bankanna?

Já

Að hluta

Nei

Nei

Dýrari fjármálaþjónusta hér en í nágrannalöndum

sff.


Margfalt hærri skattar, gjöld og eiginfjárkröfur og skortur á stærðarhagkvæmni

Vaxtamunur kerfislega mikilvægra banka hefur verið um og yfir einu prósentustigi herra en hjá sambærilegum norrænum fjármálafyrirtækjum. Þessi munur hefur farið lækkandi á undanförunum árum. Munurinn skýrist að töluverðu leyti af ytri þáttum sem eru ekki á færi banka og sparisjóða. Í fyrsta lagi þá er íslenska hagkerfið lítið og bankarnir og sparisjóðir ná því ekki sömu stærðarhagkvæmni og stærri aðilar erlendis. Í öðru lagi eru sérstakir skattar og gjöld margfalt hærri hér en

erlendis og í þriðja lagi leiða háar kröfur um eigið fé til meiri kostnaðar og þar af leiðandi aukins vaxtamunar. Þessir þættir eru hluti af ytra umhverfi fjármálafyrirtækjanna og hafa ekkert með skilvirkni í rekstri þeirra að gera. Að því sögðu, þá skiptir skilvirkni í rekstri einnig miklu máli í þessu samhengi og hafa stór skref verið stigin í átt að aukinni skilvirkni með hagræðingu og aukinni áherslu á stafrænar lausnir.

Vaxtamunur

Meðaltal af hlutföllum. Árlegar tölur. Fyrir árið 2020 er m.v. fyrstu tvo ársfjórðunga ársins.



2.1 Hvað geta fjármálafyrirtækin gert?

Áhrifapættir á færi fjármálafyrirtækja

Íslensk fjármálafyrirtæki hafa ýmis tækifæri til að hagræða í rekstri, t.d. með innleiðingu stafrænna lausna og með frekara samstarfi í innviðum. Stór skref hafa þegar verið stigin í átt að aukinni skilvirkni með kostnaðarhagræðingu og aukinni áherslu á stafrænar lausnir. Fjármálafyrirtækin munu áfram styðjast við tækni til að skapa nýjar lausnir og vörur fyrir viðskiptavini og stuðla um leið að skilvirkari fjármálaþjónustu fólki og fyrirtækjum til hagsbóta.



Aðgerðir í átt að hagkvæmari rekstri


Fjármálafyrirtækin hafa stigið stór skref til að auka skilvirkni fjármálakerfisins

Arðsemi bankanna hefur lækkað allt frá árinu 2015. Helst þróunin í hendur við lækkun óreglulegra liða á borð við tekjur af hlutabréfum og virðisbreytingum eigna. Grunnrekstur bankanna, sem markast af reglulegum tekjum, hefur engu að síður farið batnandi síðustu ár. Bankarnir hafa á undanförunum árum ráðist í aðgerðir til að lækka kostnað og ná fram hagkvæmari rekstri. Þar ber helst að nefna fækkun

afgreiðslustaða og stöðugilda samhliða aukinni áherslu á stafrænar lausnir. Þannig er leitast við að veita framúrskarandi þjónustu með hagkvæmari hætti en áður. Þessar aðgerðir hafa þegar skilað árangri og munu áfram auka skilvirkni í fjármálaþjónustu og stuðla þannig að hagkvæmari fjármálaþjónustu neytendum til hagsbóta.


Arðsemi bankanna

Miðað við meðalstöðu eigin fjár



Kostnaðarhlutföll bankanna

Rekstrarkostnaður, að teknu tilliti til stærstu óreglulegu liða



Starfsfólki og afgreiðslustöðum fækkað um hátt í helming




Aukin áhersla á stafræna fjármálaþjónustu

Væntingar til fjármálaþjónustu hafa breyst verulega samhliða stafrænni tækniframþróun. Þetta hefur til dæmis leitt til þess að vægi útibúa minnkar en mikilvægi stafrænna lausna fyrir viðskiptavini eykst. Þessari þróun hafa fjármálafyrirtæki mætt með því að fækka starfsfólki um 2.400 (-41%) og afgreiðslustöðum um 77 eða hátt í helming (-49%) frá árinu 2007.

Samkvæmt könnun Gallups um traust á bankakerfinu er nær helmingur almennings jákvæður gagnvart því að eiga viðskipti við banka þar sem öll viðskiptin væru í gegnum netið sem bendir eindregið til eftirspurnar eftir stafrænu þjónustuframboði.

Þróun á fjölda starfsmanna og afgreiðslustaða fjármálafyrirtækja


Frá árinu 2007



Starfsmenn

- 2.400

- 41%



Afgreiðslustaðir

- 77

- 49%



2.2 Hvað geta stjórnvöld gert?

Sérstakir skattar og gjöld

Fjármála- og váttryggingastarfsemi leggja mikið af mörkum til samneyslunnar í gegnum skatta og gjöld. Skatta- og gjaldaumhverfi geirans er án fordæma í evrópskum samanburði vegna álagningar sérstakra skatta á fjármálageirann umfram aðrar atvinnugreinar. Hér á landi eru þrír skattar lagðir sérstaklega á fjármálafyrirtæki: bankaskattur, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Lækkun sérstakra skatta og gjalda myndi stuðla að bættum lánskjörum og hvetja til aukinnar fjárfestingar sem styður við atvinnustig. Ljóst er að skoða þarf allar leiðir til að styðja við atvinnustig um þessar mundir.



Sérstakir skattar á fjármála- og váttryggingafélög

Dregur úr skilvirkni og samkeppnishæfni og eykur vaxtamun

sff.

Bankaskattur

0,376%

10,6 ma.kr.

+

Fjársýsluskattur

5,5%

3,3 ma.kr.

+

Sérst. fjársýslusk.

6%

2,8 ma.kr.

=

Samtals

16,7 ma.kr.

- Lagður á heildarskuldir fjármálafyrirtækja umfram 50 milljarða króna
- Einnig lagður á fjármálafyrirtæki í slitameðferð
- Er nú greiddur af fjórum lögaðilum
- Lækkaður niður í 0,145% frá og með árinu 2021

- Lagður á allar tegundir launa og þóknana hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og váttryggingafélögum
- Er nú greiddur af u.þ.b. 130 lögaðilum

- Lagður á hagnað umfram einn milljarð króna hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og tryggingafélögum
- Viðbótartekjuskattur
- Er nú greiddur af færri en tíu lögaðilum

Sérstök gjöld fjármála- og váttryggingafélaga

Dregur úr skilvirkni og samkeppnishæfni og eykur vaxtamun

sff.

Iðgjald í TIF

>0,16%

2,9 ma.kr.

+

Eftirlitsgjald FME

0,0347% - 0,835%

1,9 ma.kr.

+

Gjald vegna UMS

0,03%

0,3 ma.kr.

=

Samtals

5,1 ma.kr.

- Reiknast á innstæður fjármálafyrirtækja
- Iðgjöld lækkuð árið 2019 úr 0,225% í 0,02% af innstæðum upp að 10 mö.kr. en 0,16% af innstæðum umfram það
- Gjaldstofn lækkaður árið 2020 og tryggðar innstæður færðar niður að 100 þús. evra hámarki
- Að mestu greitt af bönkunum sem eru með yfir 95% hlutdeild á innlánamarkaði

- Reiknast ýmist á tekjur/iðgjöld eða eignir hjá fjármála- og váttryggingafyrirtækjum eftir starfsemi
- Fleiri aðilar eru einnig gjaldskyldir
- Áætlað að fjármála- og váttryggingafélög greiði rúmlega 80% af eftirlitsgjöldum

- Reiknast á öll útlán fjármála- og váttryggingafélaga
- Lífeyrissjóðir og Íbúðalánasjóður einnig gjaldskyld

Viðbótarálögur nema hátt í 22 milljörðum króna á ári

Fimm milljón króna viðbótarkostnaður á hvern starfsmann á hverju ári

Fjármála- og váttryggingafélög greiddu hátt í 22 ma. kr. til viðbótar við almenna skatta vegna sérstakra skatta og gjalda árið 2019.


Um þessar mundir starfa rúmlega fjögur þúsund einstaklingar innan geirans en þeim hefur fækkað mikið undanfarin ár. Fjársýsluskattur (3,3 ma.kr.) leggst á launagreiðslur sem gerir hvert stöðugildi dýrara en í öðrum geirum alla jafna. Samanlagður kostnaður vegna sérstakra skatta og gjalda nemur rúmum fimm

milljónum á hvern starfsmann eða rúmlega helmingi (54%) af meðalárslaunum innan geirans.

Þessir skattar og opinberu gjöld eru margfalt hærri, hlutfallslega, en víðast hvar erlendis og er fjármála- og váttryggingaþjónusta hér á landi dýrari en ella fyrir vikið.

Sérstakir skattar og gjöld á fjármála- og váttryggingafélög

Í milljörðum króna árið 2019



Sérstakir skattar og gjöld á hvern starfsmann á ári

$$\frac{21,8 \text{ ma.kr.}}{4.082 \text{ starfsmenn}} = 5,3 \text{ m.kr.}$$

Sérstakir skattar og gjöld fimmfalt hærri hér á landi


Lágmarka þarf skaðleg áhrif á samkeppni

Bankasýsla ríkisins gerði ítarlega úttekt á sérstökum sköttum sem leiddi í ljós að sérstakir skattar og gjöld íslensku bankanna voru þeir hæstu í alþjóðlegum samanburði fyrir árið 2017. Hér voru þeir 0,55% sem hlutfall af meðalstöðu eigna en 0,07% hjá bönkum í nágrannaríkjum að meðaltali. Hlutfallsleg skattbyrði íslensku bankanna vegna sérstakra skatta er því hátt í átta sinnum meiri en í nágrannaríkjum. Þetta skaðar samkeppnishæfni greinarinnar og eykur á kostnaðarþrýsting.

Þrátt fyrir lækkun bankaskatts og lækkun iðgjalda í innstæðutryggingarsjóð má áætla að sérstakir skattar og gjöld á banka séu fimmfalt hærri hér en í samanburðarlöndunum. Frekari lækkun sérstakra skatta myndi draga úr aðgangshindrunum í greininni, auka nýsköpun og samkeppni og stuðla þannig að bættum lánskjörum. Bætt lánskjör hvetja svo til aukinnar fjárfestingar sem styður við atvinnustig og dregur úr atvinnuleysi.

Sérstakir skattar á kerfislega mikilvæga banka

Skattar og opinber gjöld sem hlutfall af meðalstöðu eigna



2.3 Hvað geta stjórnvöld gert?

Eiginfjárkröfur og áhætta

Gerðar eru strangar eiginfjárkröfur til íslenskra banka. Hærri eiginfjárkröfur auka öryggi en leiða á sama tíma til dýrari fjármálapjónustu en ella þar sem eigið fé er dýrari fjármögnun en lántaka. Afar brýnt er að jafnvægi náist milli ábata og kostnaðar sem hlýst af auknum eiginfjárkröfum.

Hér verður fjallað um eiginfjárkröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja, í innlendu og erlendu samhengi, og áhrif þeirra á skilvirkni fjármálakerfisins.



Eiginfjárkröfur kerfislega mikilvægra banka

Lágmarkskrafa, viðbótarkrafa og eiginfjárukar

sff.

Stoð I		Stoð II		Eiginfjárukar		Samtals
Lágmarkskrafa		Viðbótarkrafa				
8%	+	2,7%	+	7,3%	=	18%
<ul style="list-style-type: none">Eins fyrir alla bankaLögfest samkvæmt Basel III og íslenskum lögum		<ul style="list-style-type: none">Mismunandi milli bankaÁkveðin af SeðlabankaTekur m.a. mið af vaxtaáhættu, verðtryggingaráhættu, samþjöppunaráhættu og lagalegri áhættuEr 2,7% af áhættugrunni að meðaltali		<ul style="list-style-type: none">Eiginfjárukar eru fjórir og ákvarðast samkvæmt forskrift laganna eða af SeðlabankanumEr 7,3% af áhættugrunni að meðaltali		

Mikill viðnámsþróttur til að takast á við efnahagssamdrátt

sff.


Eiginfjárlutföll stóru bankanna eru um 5 til 9 prósentustigum hærrí en kröfur Seðlabankans. Skýrist það að mestu með afléttingu sveiflujöfnunaraukans (einn af fjórum eiginfjárukum) og frestun bankanna á arðgreiðslum vegna Covid-19.

Sem dæmi myndi verulegur efnahagssamdráttur sem hefði í för með sér um 5% virðisrýrnun útlánasafns bankanna einungis leiða til um þriggja prósentustiga

lækkun á eiginfjárlutföllum bankanna samkvæmt sviðsmyndagreiningu Seðlabankans. Það er því ljóst að bankarnir standa traustum fótum og hafa getum til að taka virkan þátt í þeirri viðspyrnu sem fram undan er þegar draga fer úr óvissu og vilji til fjárfestinga eykst.

Eiginfjárkröfur og eiginfjárlutföll kerfislega mikilvægra banka

Fyrsti ársfjórðungur 2020



Eiginfjárkröfur á Íslandi tvöfalt hærrí en í Evrópu almennt

Mikilvægt að ná jafnvægi milli ábata og kostnaðar við auknar eiginfjárkröfur


Tilgangur eiginfjáruka er að fjármálafyrirtæki hafi nægt eigið fé til að mæta áföllum sem geta tengst kerfislægri áhættu í því umhverfi sem bankinn starfar í. Hærrí eiginfjárkröfur auka öryggi en leiða á sama tíma til dýrari fjármálþjónustu en ella þar sem eigið fé er dýrari fjármögnun en lántaka.

Krafa vegna eiginfjáruka kerfislega mikilvægra banka er hátt í tvöfalt herra hér á

landi (7,3%) en að meðaltali innan Evrópu (3,8%). Í hvítbókinni er tekið fram að nýlegar rannsóknir séu nær allar á einu máli um að „kostnaður“ banka vegna eiginfjárafna falli að mestu á viðskiptavini þeirra í formi aukins vaxtamunar. Af þeim sökum er afar brýnt að jafnvægi náist milli ábata og kostnaðar sem hlýst af auknum eiginfjárkröfum.

Eiginfjárukar kerfislega mikilvægra banka innan Evrópu

júlí 2020



Eignir íslenskra banka þær áhættusömstu í Evrópu?


Aðrar reikniaðferðir hér en almennt í Evrópu leiða til hærri áhættugrunns

Eiginfjárlutföll eru reiknuð af áhættugrunni bankanna. Áhættugrunnurinn á að endurspeglar áhættu eigna þeirra. Þannig kalla áhættusamari eignir á meira eigið fé. Íslensku bankarnir nota staðalaðferð til að reikna áhættugrunninn á meðan flestir erlendir bankar beita aðferð sem byggir á eigin áhættumati. Útreikningur á áhættugrunni skiptir gríðarlega miklu máli við að segja til um hversu mikið eigið fé bankanna þarf að vera til að uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Áhættugrunnur er almennt mun lægri hjá bönkum sem styðjast við eigið áhættumat enda áhættugrunnurinn hvergi innan Evrópu hærri en hér. Áhættugrunnur er hátt í tvöfalt hærri hér (71%) en í Evrópu að meðaltali (37%).

Áhættugrunnur sem hlutfall af heildareignum (meðaláhættuvog)

2019



Eigið fé sem hlutfall af eignum hvergi í Evrópu hærra


Tvöföld áhrif hárra eiginfjárfkrafa og reikniaðferðar áhættugrunns

Líkt og bent hefur verið á eru eiginfjárfhlotföll reiknuð af áhættugrunni. Á Íslandi eru eiginfjárfkröfur tvöfalt hærra en að jafnaði innan Evrópu. Þá er eiginfjárfgrunnurinn sá hæsti sem hlutfall af eignum hér á landi innan Evrópu. Hærra eiginfjárfkröfur hér á landi en almennt innan Evrópu eru því einnig reiknaðar á hæsta grunn sem um getur innan álfunnar. Niðurstaðan er sú að hvergi á meðal vestrænna þjóða er eigið fé sem hlutfall af eignum hærra en á Íslandi.

Þetta leiðir af sér dýrari fjármálaþjónustu en ella. Vegna þessa fyrirkomulags búa heimili og atvinnulíf við hærra vaxtakostnað en víðast hvar annars staðar.

Eigið fé sem hlutfall af heildareignum

2019



Hófleg vanskil á Íslandi

Rúmlega helmingi lægra vanskilahlutfall hér en innan Evrópu að meðaltali


Vanskilahlutfall á Íslandi var 2,9% árið 2019. Einfalt meðaltal af vanskilahlutföllum þeirra þjóða sem tölfræðigrunnur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nær yfir nam 6,1% sama ár. Vanskilahlutfall á Íslandi er því rúmlega helmingi lægra.

sem hlutfall af heildareignum. Ísland er svo með lægra vanskilahlutfall en Spánn (3,2%) en rúmlega tvöfalt hærra eigið fé sem hlutfall af heildareignum. Svona mætti lengi telja.

Um helmingur heildarútlána voru í vanskilum í Úkraínu og rúmur þriðjungur í Grikklandi árið 2019. Engu að síður eru báðar þessar þjóðir með lægra eigið fé

Vanskil sem hlutfall af heildarútlánnum árið 2019

Miðast við lánaaðferð en þá eru eftirstöðvar útláns viðskiptavinar í vanskilum ef ekki hefur verið greitt af því í 90 daga eða lengur



Hlutfall húsnæðislána hátt á Íslandi

sff.

Örugg lán með trygg veð og mótaðila sem staðist hefur greiðslumat


Minna eigið fé þarf á móti áhættulitlum eignum. Dæmi um eignir sem bera almennt minni áhættu eru til dæmis ríkisskuldabréf og húsnæðislán. Lán til lítilla fyrirtækja teljast áhættusamari þar sem meiri hætta er á að þau tapist og af þeim sökum þarf meira eigið fé vegna þeirra.

Húsnæðislán eru almennt tiltölulega örugg lán enda eru þau með tryggu veði ásamt því að greiðslugeta lántakans hefur verið metin. Þar að auki hefur Fjármálaeftirlitið sett þjóðhagsvarúðarreglur um hámark veðhlutfalls húsnæðislána

sem gerir þau enn öruggari. Þrátt fyrir að áhættugrunnur hér á landi gefi vísbendingu um að hvergi innan Evrópu séu eignir banka áhættumeiri, er hlutfall húsnæðislána af heildarlánnum hærra hér (35%). Það er hátt í tvöfalt hærra en að meðaltali hjá þeim löndum sem gagnagrunnur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nær til (20%).

Húsnæðislán sem hlutfall af heildarlánnum

Árið 2019



Eina vestræna þjóðin á topp tíu listanum

... yfir þjóðir með hæsta hlutfall eigin fjár af eignum


Ísland er í níunda sæti yfir þær þjóðir í tölfræðigrunni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem eru með hæsta eigið fé sem hlutfall af heildareignum. Einungis Maldíveyjar, Tonga, Mið-Afríkulýðveldið, Úsbekistan, Kirgistan, Miðbaugs-Gínea, Kongó og Kólumbía eru með hærra hlutfall. Sem dæmi þá var vanskilahlutfallið í Miðbaugs-Gíneu 49% á síðasta ári en 2,9% hér.

Hérlendis eru kröfur um eigið fé langt umfram kröfur þeirra þjóða sem við berum

okkur iðulega saman við. Rökin fyrir því þurfa að vera skýr og nógu sterk til að veða upp þann kostnað sem af fyrirkomulaginu hlýst. Nauðsynlegt er að tryggja að bankarnir hafi nægt eigið fé til að mæta sveiflum í hagkerfinu og áföllum í rekstri. Um það er ekki deilt. Spurningin er hvort gengið sé of langt, og hvort heimili og fyrirtæki landsins beri kostnað vegna þessa fyrirkomulags sem hægt væri að komast hjá.

Eigið fé sem hlutfall af heildareignum

2019



2.4 Aðrir áhrifapættir

Öryggi, innviðir og stafræn þróun

Samspil fjármálageirans og stjórnvalda gætir víða.



Tækifæri til hagræðingar í innviðum

Hægt að lækka innviðakostnað um helming með auknu samstarfi

sff.

Dæmi um innviði þar sem hægt er að ná fram auknu hagræði með frekara samstarfi eru tölvukerfi sem nýtt eru í sameiginlega innviði fjármálakerfisins og t.d. rekin af Reiknistofu bankanna.

SFF taka undir mikilvægi aukins innviðasamstarfs og lýsa yfir fullum stuðningi við aðgerðir sem eru til þess fallnar að auka skilvirkni bankakerfisins. Samtökin hafa

fengið ráðgjafafyrirtækið Oliver Wyman (júní 2015) og KPMG (ágúst 2019) til að vinna ítarlega greiningu á tækifærum til hagræðingar með auknu innviðasamstarfi. Í skýrslunni sem tekin var saman af Oliver Wyman kom fram að hægt væri að lækka innviðakostnað um helming með auknu innviðasamstarfi.



Endurnýjun helstu grunninnviða fjármálakerfisins

Opnara, sveigjanlegra og öruggara tæknihverfi

sff.

Innlánakerfi



Millibankakerfi



Verðbréfakerfi



Ávinningur

- Innleiðingu lokið hjá Landsbanka og Íslandsbanka
- Áætlað að fleiri fjármálafyrirtæki og Seðlabanki Íslands innleiði sama innlánakerfi á næstu misserum

- Nýtt millibankagreiðslukerfi í eigu Seðlabankans leysir af hólmi stórgreiðslukerfi bankans og jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. sem jafnframt er í eigu bankans
- Staðlað kerfi, sem þegar er í notkun hjá seðlabönkum Norðurlandanna
- Markmiðið er sem fyrr að miðla greiðslum hér á landi á skjóttan, öruggan og hagkvæman hátt

- Í sumar stóð yfir prófunartímabil vegna innleiðingar á nýju verðbréfaskráningar- og verðbréfauppgjörskerfi
- Kerfið gangsett í lok ágúst
- Stöðluð hugbúnaðarlausn sem þegar er í notkun hjá baltnesku verðbréfamiðstöðvunum

- Staðlaðar lausnir leysa heimasmið af hólmi
- Opnara, sveigjanlegra og öruggara tæknihverfi
- Aukin rekstrarhagkvæmni

Rafrænar þinglýsingar

Lykilþáttur til að auka skilvirkni, minnka biðtíma og hraða viðskiptum

sff.

Hvert er markmiðið?

Með rafrænum þinglýsingum er átt við að hægt verði með sjálfvirkum hætti að skrá réttindi og skyldur sem varða eignir í opinbera skrá þannig að þau njóti réttarverndar gagnvart þriðja manni. Markmiðið er að allar þinglýsingar verði með þeim hætti að það megi senda inn í gegnum sjálfsafgreiðsluvef eða kerfi með notkun vefþjónusta. Öll skil bæði inn og út verði stafræn og notkun á pappír óþarfur. Ferli þinglýsinga verða stafræn og afgreidd með sjálfvirkum hætti að hluta eða í heild.

Umtalsverður þjóðhagslegur ávinningur

Þjóðhagslegur ávinningur er mikill og er metinn á bilinu 1,2-1,7 ma.kr á ári. Ávinningurinn er fyrst og fremst tímasparnaður hjá sýslumönnum, lánastofnunum, fasteignasölum og almenningi.

1,2 - 1,7 ma.kr.

ávinningur í formi tímasparnaðar á ári



3.

Vátryggingarekstur

Tryggingarekstur og helstu áherslumál

Iðgjöld af seldum tryggingum þurfa að standa straum af rekstrarkostnaði, tjónagreiðslum, sköttum og öðrum gjöldum sem greidd eru til opinberra aðila við tryggingastarfsemi. Samsett hlutfall segir til um hvort iðgjöld standi undir kostnaði vegna tjóna og tryggingareksturs. Markmið tryggingafélaga er að reka tryggingareksturinn þannig að samsetta hlutfallið sé undir 100% og hefur geirinn náð því markmiði á undanförunum árum. Á samkeppnismarkaði þurfa tryggingafélögin að nálgast markmið sín um lægra samsett hlutfall með aukinni skilvirkni og almennri hagræðingu í rekstri.



Skaðabótalög & framkvæmd örorkumats

sff.

75% tryggingafjárhæða til tjónþola með metna varanlega örorku undir 15%

Samtök fjármálafyrirtækja hafa á undanförunum árum óskað eftir samvinnu við stjórnvöld um breytingar á lagaumhverfi váttryggingafélaga. Eitt þeirra mála lýtur að ökutækjategyggingum og örorkumatsferli í kjölfar umferðaslysa, en einnig slysa í öðrum greinum váttrygginga þar sem bætur fyrir líkamstjón eru ákveðnar samkvæmt reglum skaðabótalaga.

Tækifæri til hagræðingar

Háar fjárhæðir eru greiddar úr ábyrgðartryggingum auk slysatryggingar ökumanns og eiganda vegna vænts tekjutaps eftir slys sem leiða til líkamstjóns. 75% allra greiddra bóta (92% allra mála) eru vegna mála þar sem örorka er metin undir 15%.

Gildandi reglur skaðabótalaga um ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku eru framkvæmdar með öðrum hætti

hér á landi en t.d. á Norðurlöndunum sem er ein ástæða þess að samanburður á iðgjöldum hér á landi og víðast hvar annarsstaðar verður okkur óhagstæður. Í Danmörku er t.d. gólf á útgreiðslu bóta vegna varanlegrar örorku miðað við 15%, en samanburður við Danmörku er gjarnan notaður í þessu samhengi þó svo að forsendur sé ólíkar. Því er afar brýnt að endurskoðun skaðabótalaga taki til allrar löggjafarinnar í heild en ekki einungis örfárra afmarkaðra þátta.

Hækka þarf viðmið vegna örorku yfir 15%

Gríðarlegur kostnaður fer í örorkumatsferilinn og lögmannskostnað hér á landi vegna þessara mála. Nam þessi kostnaður á árinu 2016 ríflega 2,5 milljörðum króna að vaxtakostnaði meðtöldum. Hefur þessi upphæð heldur aukist frá þeim tíma. SFF vinna

nú að uppfærslu á tölfræði sem kynnt verður á fyrrihluta árs 2021.

Þörf er á því að hækka stuðla til útreiknings bóta vegna líkamstjóna til þeirra sem verða sannarlega fyrir tekjumissi út starfsævina. Miðað við óbreytt ástand verður það þó ekki gert nema hækkanir gangi yfir alla sem mun leiða til mikilla hækkana iðgjalda. Málið hefur því lent í sjálfheldu.

Skortur á faglegum viðmiðum

Örorkumat er framkvæmt án staðlaðra viðmiða og enginn einn aðili er með faglega yfirsýn yfir þróun framkvæmdar auk þess sem skýrar form- og efnisreglur skortir í því skyni að tryggja betra samræmi milli matsgerða og að meiri sátt megi takast um matsframkvæmdina og matsniðurstöður.

Skaðabótalög & framkvæmd örorkumats

Helstu áherslur SFF

sff.

Réttast væri að horfa til Norðurlanda varðandi bætur vegna varanlegrar örorku. Í Danmörku eru t.d. ekki greiddar bætur vegna varanlegrar örorku undir 15% og mismunandi útfærslu á greiðslu bóta má finna á hinum Norðurlöndunum.

Lækka þarf kostnað og gefa út samræmd viðmið

Áhersla verði lögð á rannsóknir á þróun heilsufars og tekna þeirra sem verða fyrir líkamstjónum.

Leita þarf leiða til að lækka kostnað við örorkumatsferli því sem leiðir af skaðabótalögum og taka til rækilegrar athugunar samlegð við örorkumatsferla innan opinbera geirans.

Miðlægur opinber aðili þyrfti að gefa út matsviðmið og skipa hlutlausu matsaðila. Slíkur aðili þyrfti að hafa faglega yfirsýn yfir þróun og veita faglegt aðhald. Þá

má jafnframt skoða hvort rétt sé að sérstök réttindi séu gefin út til þeirra aðila sem framkvæma örorkumat.

Gæta þarf samræmis í löggjöf

Samræma þarf löggjöf á þessu sviði og viðmið vegna útgreiðslu bóta. En í lögum um greiðslu ríkissjóðs til þolenda afbrota 69/1995 segir m.a. í 2.gr.

„Ríkissjóður greiðir bætur vegna líkamstjóns. Sama gildir um tjón á fatnaði og öðrum persónulegum munum, þar á meðal lágum fjárhæðum í fjárhæðum í reiðufé, sem tjónþoli ar á sér þegar líkamstjóninu var valdið. [Ekki verða þó greiddar bætur fyrir varanlegan miska nema hann sé að lágmarki 5% og ekki verða greiddar bætur fyrir varanlega örorku nema hún sé að

lágmarki 15%]“

Á meðan ríkið setur gólf á útgreiðslu bóta vegna varanlegs miska og varanlegrar örorku er slíkt gólf ekki að finna í skaðabótalögum vegna slysa í umferðinni eða annarra slysa þar sem bætur ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga.



Vátryggingasvikum fylgir mikill samfélagslegur kostnaður

Hafa áhrif á iðgjöld

sff.

Á árunum 2009 til 2011 létu SFF framkvæma spurningakönnun um viðhorf til vátryggingasvika með þátttöku 2.400 einstaklinga.


29,5% höfðu vitneskju um vátryggingasvik

Niðurstöður könnunarinnar frá 2011 sýndu að tæplega þriðji hver aðspurðra (29,5%) hafði vitneskju um einhvern sem hafði framið vátryggingasvik. Ef aðeins var horft til síðustu 12 mánaða könnuðust 14,2% við einhvern sem hafði fengið tryggingabætur fyrir eitthvað sem viðkomandi átti ekki rétt á. 96,4% töldu vátryggingasvik alvarlegt athæfi. Athygli vakt í áðunefndri könnun að viðhorf til vátryggingasvika virtust nokkuð aldurstengd og gaf könnunin til kynna að elsti aldurshópurinn líti vátryggingasvik mun alvarlegri augum en yngstu aldurshóparnir.

Tíðni vátryggingasvika um 10% greiddra tryggingabóta í nágrannaríkjum

Árið 2010 námu bótageiðslur íslenskra vátryggingafélaga tæpum 30 milljörðum króna. SFF hafa ekki nákvæma vitneskju um tíðni vátryggingasvika hér á landi en sé miðað við áætlaða tíðni vátryggingasvika í nágrannalöndunum má gera ráð fyrir að um 10% greiddra tryggingabóta geti talist til vátryggingasvika eða ýktra krafna. Því má gera ráð fyrir að kostnaður vegna slíkra mála nemi ekki undir 3 milljörðum króna á hverju ári hér á landi.

Tekin hefur verið ákvörðun um að endurtaka gerð áðurefndra kannana auk þess sem SFF eru í nánú stamstarfi við systursamtök á Norðurlöndum um aðgerðir gegn vátryggingasvikum.



Fjárfestingatekjur drífa tekjuvöxt váttryggingafélaga á síðasta ári



... eftir samdrátt fjárfestingatekna allt frá árinu 2015


Heildartekjur váttryggingafélaganna fjögurra (Sjóvá, TM, VÍS og Vörður) jukust um 14% eða 10,2 ma.kr. á árinu 2019, frá fyrra ári. Munar þar mest um mikla aukningu í öðrum tekjum en iðgjöldum en þar er aðallega um að ræða fjárfestingatekjur.

(146% aukning). Fram til ársins 2019 höfðu fjárfestingatekjur dregist saman allt frá árinu 2015.

Aðrar tekjur jukust um rúmlega 5,6 ma.kr. og rúmlega tvöfölduðust á tímabilinu

Heildartekjur váttryggingafélaga

Eftir tekjustofni. Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs



Kostnaðarlutfall lækkar


Samkeppni myndar þrýsting til aukinnar skilvirkni og hagræðingar

Markmið tryggingafélaga er að iðgjöld standi undir kostnaði vegna tjóna og annars kostnaðar við tryggingareksturinn. Samkeppni á váttryggingamarkaði stuðlar að því að almenningi standi til boða tryggingar á samkeppnishæfum kjörum. Erfitt getur því reynst að lækka kostnaðarlutfallið með því að hækka verð á tryggingum. Því þurfa tryggingafélögin að nálgast markmið sín um aukna arðsemi með aukinni skilvirkni og almennri hagræðingu í rekstri.

Váttryggingafélögin hafa á undanförunum árum náð að lækka kostnað vegna tryggingastarfsemi sem hlutfall af iðgjöldum. Kostnaðarlutfallið fór hæst í 22,9% á árinu 2016 en hefur síðan farið lækkandi og var 19,6% á síðastliðnu ári. Félögin munu áfram leita leiða til að bjóða tryggingar á samkeppnishæfum kjörum með aukinni skilvirkni og kostnaðarhagræðingu á næstu árum.

Kostnaðarlutfall tryggingareksturs

Eftir félögum



Tjónahlutfall þokast í rétta átt


Talsvert um kostnaðarsöm tjón árið 2018

Tjónakostnaður sem hlutfall af iðgjöldum hefur þokast í rétta átt undanfarin ár, að árinu 2018 undanskildu. Tjónakostnaður jókst um rúma 7,7 ma.kr. það ár, eða sem nemur 17% aukningu. Árið 2018 litaðist því af kostnaðarsömum tjónum.

Tjónakostnaður jókst svo um 2,1 ma.kr. eða 4% á árinu 2019, ögn hægar en iðgjöld sem jukust um 7% á sama tímabili. Fyrir vikið lækkar tjónahlutfallið úr 78% í 76% á árinu 2019 frá fyrra ári.

Brúttó tjónahlutfall tryggingareksturs

Eftir félögum



Tryggingastarfsemi arðbærari

Kærkomin þróun í lágvaxtaumhverfi


sff.

Samsett hlutfall er mælikvarði á það hvort iðgjöld standi undir kostnaði vegna tjóna og tryggingareksturs. Sé hlutfallið yfir 100% þýðir það að kostnaður sé hærri en iðgjöld og að taprekstur sé á tryggingastarfseminni. Markmiðið er því að samsetta hlutfallið sé undir 100% og hefur geirinn náð því á undanförunum árum. Á síðastliðnum fimm árum fór samsett hlutfallið hæst í 104% á árinu 2015 en hefur síðan farið lækkandi og var 97% á síðastliðnu ári.

Tryggingarekstur er kjarnastarfsemi váttryggingafélaga og því óæskilegt að arðsemi váttryggingafélaga sé borin uppi af tekjum vegna fjárfestingastarfsemi. Þá hafa vextir á Íslandi aldrei verið lægri en nú og við slíkar aðstæður getur reynst erfitt að ná sömu ávöxtun og áður nema með því að taka meiri áhættu. Aukin arðsemi í tryggingastarfsemi félaganna er því kærkomin þróun um þessar mundir.

Samsett hlutfall váttryggingafélaga


Eftir félögum



4. Samkeppni á útlánamarkaði

Heilbrigð samkeppni stuðlar að betri kjörum

Íslensk stjórnvöld gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja að umgjörð fjármálamarkaða stuðli að heilbrigðu samkeppnisumhverfi í þágu landsmanna allra. Smæð íslenska hagkerfisins gerir það að verkum að fjármálafyrirtæki hérlandis ná ekki sömu stærðarhagkvæmni og samkeppnisaðilar þeirra erlendis. Þá er sérstök skattheimta og kröfur um eigið fé hér á landi umtalsvert hærrí en víðast hvar erlendis líkt og bent hefur verið á í þessu riti. Þessir þættir skerða samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja, auka kostnað og draga úr getu þeirra til að starfa með skilvirkum hætti. Hér verður fjallað um helstu aðila á lánveitendamarkaði á Íslandi, lántakendur og lánsform ásamt þróun og horfum.



Bankarnir fjármagna um helming lána til einkageirans

sff.


Erlendir lánveitendur veita harða samkeppni gagnvart stærri fyrirtækjum landsins

Bankakerfið er hryggjarstykkið í fjármögnun skulda heimila og fyrirtækja með 53% markaðshlutdeild á meðal fjármögnunaraðila. Önnur fjármálafyrirtæki eru með 18% hlut en undir þann flokk falla m.a. Íbúðalánasjóður (sem nú heyrir undir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun) og fleiri aðilar sem taka þátt í fjármálamilligöngu með því að stofna til skulda, án þess þó að taka við innlánnum. Lífeyrissjóðir hafa vaxið hratt á þessum markaði eftir innreið þeirra á húsnæðislánamarkað

einstaklinga og eru nú með 17% hlut. Erlendir lánveitendur eru svo með um 12% hlutdeild eftir að hafa verið með um og yfir 20% hlutdeild á árunum eftir efnahagsáfallið. Erlendir lánveitendur lána einungis til fyrirtækja og veita viðskiptabönkunum harða samkeppni í lánveitingum til stærri fyrirtækja landsins.

Skuldir heimila og fyrirtækja eftir fjármögnunaraðila

Fjárhæðir á verðlagi ársins 2020 í mö.kr.



Heimilin drífa skuldavöxt einkageirans


Skuldir fyrirtækja hafa staðið í stað frá haustinu 2019

Ársvöxtur skulda einkageirans mældist 2% á fyrri hluta ársins 2020 og var drifinn áfram af vaxandi skuldum heimila sem jukust um 5% á tímabilinu. Skuldir fyrirtækja stóðu á sama tíma í stað. Hægja tók á útlánavexti lánakerfisins til einkaaðila eftir því sem leið á síðasta ár. Útlán til fyrirtækja hafa svo gott sem staðið í stað frá haustmánuðum árið 2019, leiðrétt fyrir gengisáhrifum. Á sama tíma hefur ársvöxtur útlána til heimila haldist um og yfir 5% frá því um mitt ár 2017.

Líklega hefur efnahagssamdráttur og aukin óvissa vegna Covid-19 dregið úr eftirspurn fyrirtækja eftir lánnum enda dregur ástandið bæði úr áhættusækni og framboði á arðbærum fjárfestingartækifærum.

Skuldir heimila og fyrirtækja eftir lánþega

Fjárhæðir á verðlagi ársins 2020 í mö.kr.



Erlendir lánveitendur fjármagna um fimmtung af skuldum fyrirtækja

Skuldaaukning fyrirtækja undanfarið ár að mestu fjármögnuð af lífeyrissjóðum



Skuldir fyrirtækja eru að mestu fjármagnaðar af bankakerfinu (53%) en erlendir lánveitendur eru þar á eftir með 22% hlutdeild á fjármögnunarmarkaði íslenskra fyrirtækja. Hlutdeild erlendra lánveitenda hefur lækkað frá hámarki árið 2012 þegar hún stóð í 38%. Sú þróun er að mestu vegna gengisáhrifa.

Samdráttur í innlendum skuldum fyrirtækja endurspeglar, eins og áður segir, lakari eftirspurn eftir lánum vegna takmarkaðs framboðs arðbærra fjárfestingatækifæra og aukinnar óvissu.

Hægt hefur á vexti útlána til flestallra atvinnugreina eða þau dregist saman.

Skuldir fyrirtækja eftir lánveitanda

Fjárhæðir á verðlagi ársins 2020 í mö.kr.



Rúmur þriðjungur skulda fyrirtækja gengisbundinn

sff.



Vaxandi skuldastaða fyrirtækja að mestu tilkomin vegna gengisáhrifa

Rúmur þriðjungur skulda fyrirtækja er í erlendum gjaldmiðlum (38%) og hafa gengisbreytingar því veruleg áhrif á skuldastöðu fyrirtækja mælda í krónum. Á haustmánuðum ársins 2018 veiktist krónan um tæplega 10% þegar fréttir bárust af vanda WOW Air. Þá hefur krónan veikst um ríflega 12% frá því að farsóttin barst til landsins. Sá vöxtur sem mælst hefur í heildarskuldum fyrirtækja undanfarin ár er því að mestu tilkominn vegna gengisáhrifa.

Hátt í helmingur af skuldum fyrirtækja eru hefðbundin óverðtryggð (29%) og verðtryggð lán (18%) í íslenskum krónum eða um 47%. Um 13% af skuldum fyrirtækja koma til með útgáfu og sölu á markaðsskuldabréfum. Á slík fjármögnun við hjá stærri fyrirtækjum.

Skuldir fyrirtækja eftir útlánategund

Fjárhæðir á verðlagi ársins 2020 í mö.kr.





Meirihluti gengisbundinna skulda fyrirtækja fjármagnaðar erlendis frá COVID-19 skerðir samkeppnishæfni bankanna enn frekar gagnvart erlendum bönkum

Líkt og áður segir er rúmur þriðjungur skulda fyrirtækja gengisbundinn og eru bankarnir þar í harðri samkeppni við erlenda lánveitendur. Rúmur helmingur af gengisbundnum skuldum fyrirtækja eru fjármagnaðar af erlendum aðilum um þessar mundir eða um 57%. Hlutfall erlendra lánveitenda hefur farið lækkandi allt frá árinu 2014 þegar það stóð í 67%. Vaxandi hlutdeild innlendu bankanna hefur gert þá háðari aðstæðum á erlendum fjármagnsmörkuðum. Kjör á erlendri

fjármögnun bankanna versnuðu hratt vegna aukinnar áhættufælni vegna útbreiðslu COVID-19. Vísbendingar voru um að þau hafi versnað umfram kjör erlendra banka sem skerðir samkeppnisstöðu íslenskra viðskiptabanka gagnvart erlendum samkeppnisaðilum sínum. Í sumar skánuðu kjörin en eru þó enn heldur hærri en fyrir tíma farsóttarinnar.

Gengisbundnar skuldir fyrirtækja eftir lánveitanda

Fjárhæðir á verðlagi ársins 2020 í mö.kr.



Heimilin færa sig yfir í óverðtryggð lán

sff.


Vægi verðtryggingar aldrei verið minna í skuldum heimilanna

Skuldir heimila eru nánast alfarið hefðbundin verðtryggð (67%) og óverðtryggð lán (33%) í íslenskum krónum eða um 99%. Gengisbundin lán heimila eru hverfandi, ólíkt skuldum fyrirtækja þar sem að rúmur þriðjungur er í erlendum gjaldmiðlum (38%). Gengisbundin lán voru mest rúm 17% af heildarskuldum heimila árið 2009. Hlutfall óverðtryggðra lána af heildarlánnum heimilanna er nú 33% og hefur aldrei

verið hærra. Af því leiðir að vægi verðtryggðra lána hefur aldrei verið minna. Umtalsverð lækkun vaxta undanfarin misseri hefur gert fleirum kleift að taka óverðtryggð lán en greiðslubyrði slíkra lána hefur alla jafna verið hærri en á verðtryggðum lánnum fyrst um sinn og því t.d. erfiðara fyrir lánþega að standast greiðslumat vilji þeir taka óverðtryggt lán.

Skuldir heimila eftir útlánategund

Fjárhæðir á verðlagi ársins 2020 í mö.kr.



Bankar og lífeyrissjóðir hafa sótt í sig veðrið í húsnæðislánnum

sff.


Hlutdeild bankanna eykst um helming og hlutdeild lífeyrissjóðanna tvöfaldast

Þegar einungis er horft til húsnæðislána hefur hlutdeild bankanna aukist umtalsvert. Árið 2013 var Íbúðalánasjóður stærsti fjármögnunaraðili húsnæðislána með 48% hlutdeild. Bankarnir komu þar á eftir með 39% og lífeyrissjóðir með 13%. Gerbreytt staða er nú uppi. Bankarnir hafa aukið sína hlutdeild um helming og fjármagna nú 58% húsnæðislána. Lífeyrissjóðir hafa rúmlega tvöfaldað sína hlutdeild í 29% og hafa vaxið hraðast. Ekkert lát virðist vera á uppgreiðslum

Íbúðalánasjóðs en hlutdeild sjóðsins hefur lækkað um nærri þrjá fjórðu og stendur hún nú í 12%. Bankarnir bjóða upp á samkeppnishæfustu kjör óverðtryggðra lána sem nú standa til boða. Þá er greiðara aðgengi að húsnæðislánnum þeirra þar sem að lán lífeyrissjóða standa einungis sjóðsfélögum til boða. Innlánastofnanir bjóða einnig hærra veðhlutfall en lífeyrissjóðir.

Skuldir heimila með veð í húsnæði eftir lánveitanda

Staða í júlí á hverju ári. Fjárhæðir á verðlagi ársins 2020 í mö.kr.



¹Að mestu lán veitt af Íbúðalánasjóði og er því, til einföldunar, fjallað um önnur fjármálafyrirtæki sem Íbúðalánasjóð

Stöðugar uppgreiðslur hjá Íbúðalánasjóði


Uppgreiðslur sjóðsins nema 471 mö.kr. frá og með árinu 2013

Frá og með árinu 2013 hafa bankarnir aukið húsnæðislán sín um 612 ma.kr. eða um 79% og lífeyrissjóðirnir um 376 ma.kr. eða 158%. Á sama tímabili nema uppgreiðslur hjá Íbúðalánasjóði 471 ma.kr. og hefur húsnæðislánasafn þeirra minnkað um 69%. Á umræddu tímabili eru um 2.770 dagar og nema uppgreiðslurnar því um 170 milljónum króna á hverjum degi. Uppgreiðslur sjóðsins eru í raun meiri en tölurnar hér gefa til kynna þar sem að sjóðurinn keypti

Íbúðalánasafn af Arion banka að andvirði um 50 ma.kr. á haustmánuðum árið 2019. Sá gjörningur fer í bækur Íbúðalánasjóðs sem aukning á húsnæðislánnum. Sé leiðrétt fyrir því er óhætt að fullyrða að uppgreiðslur sjóðsins nemi vel yfir 500 mö.kr. tímabilinu. Megnið af útlánnum sjóðsins er verðtryggt og vegnir vextir afar ósamkeppnishæfir eða um 4,4%. Uppgreiðsluálag er á 130 ma.kr. af útlánnum sjóðsins sem hefur að öllum líkindum spornað gegn enn hraðari uppgreiðslum.

Breyting á húsnæðislánnum heimila eftir lánveitanda

Fjárhæðir á verðlagi ársins 2020 í mö.kr.



Uppsöfnuð ný húsnæðislán heimila frá árinu 2013

Fjárhæðir á verðlagi ársins 2020

Bankar
+ 612 ma.kr.

Lífeyrissjóðir
+ 376 ma.kr.

Íbúðalánasjóður
- 471 ma.kr.



517
ma.kr.




*Tölur fyrir árið 2020 eru til og með júlí

Stuðla þarf að heilbrigðri samkeppni

Aðgerðir stjórnvalda lykilforsenda

sff.



Samkeppni

- Aðkoma lífeyrissjóða á húsnæðislánamarkað hefur aukið samkeppni og haft jákvæð áhrif á vaxtakjör íbúðalána
- Sjóðsfélagalán mismuna á grundvelli stéttarfélags, búsetu eða menntunar og dregur úr samkeppni á milli lífeyrissjóða
- Bankarnir búa við ósanngjarna samkeppnisstöðu vegna sérstakra skatta, gjalda og hárra krafna um eigið fé
- Lækkun sérstakra skatta og gjalda myndi draga úr aðgangshindrunum í greininni, auka nýsköpun og samkeppni með tilheyrandi ávinningi fyrir almenning
- Aðgerðir stjórnvalda sem stuðla að aukinni samkeppni er lykilforsenda í átt að skilvirkri fjármálaþjónustu í þágu almennings



Lánveitendur og lánsform

- Aukið vægi óverðtryggðra lána heimilanna dregur úr vægi verðtryggingar og styrkir miðlun stýrivaxta
- Seðlabankinn getur nú hreyft við neysluhegðun heimilanna með áhrifaríkari hætti en áður
- Bankarnir bjóða nú samkeppnishæfustu kjör óverðtryggðra húsnæðislána
- Líklegt að vinsældir óverðtryggðra húsnæðislána á breytilegum kjörum haldi áfram
- Má því gera ráð fyrir að bankakerfið auki hlutdeild sína á húsnæðislánamarkaði enn frekar á næstu misserum

5. Ýmis hagsmunamál



sff.

Samtök
fjármálafyrirtækja


Netárásir vaxandi ógn

Samstarfsvettvangur á vegum SFF með öryggismál á oddinum

Síbreytilegar og stöðugt flóknari aðferðir við netárásir hafa gert það að verkum að sífellt verður erfiðara að verjast þeim. Áherslur alþjóðastofnana og stjórnvalda um heim allan beinast í auknum mæli að öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra samfélagsinnviða, þ.m.t. á sviði fjármálaþjónustu, og víða litið svo á að málefnið varði þjóðaröryggi. Á heimsvísu hefur ógn af völdum netárása farið ört vaxandi en samkvæmt skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins (e. World Economic Forum, WEF) fyrir

árið 2020 eru netárásir meðal átta alvarlegustu ógna sem steðja að heimsbyggðinni. Ísland hefur ekki farið varhluta af vaxandi tíðni netárása og halda Samtök fjármálafyrirtækja utan um samstarfsvettvang þar sem að öryggismál og leiðir að auknu netöryggi eru m.a. til umræðu.

Netárásir á meðal alvarlegustu ógna sem steðja að heimsbyggðinni



Málum hjá úrskurðarnefndum fækkar


Ágreiningsmálum fer stöðugt fækkandi

Seðlabanki Íslands vistar tvær úrskurðarnefndir um viðskipti við fjármála- og váttryggingafélög en nefndirnar fjalla um ágreining viðskiptavina gagnvart fjármála- eða váttryggingafyrirtækjum. Ef þú ert ekki ánægð/ur með viðbrögð fjármálafyrirtækisins, það hafnar kröfu þinni eða ef þú færð ekki svör við fyrirspurnum þínum innan a.m.k. fjögurra vikna, getur þú lagt ágreiningsmálið fyrir úrskurðarnefnd.

Málskotum til úrskurðarnefndanna hefur fækkað hratt frá árinu 2012 þegar þau voru 765 talsins, þ.a. 563 vegna váttryggingafyrirtækja og 202 vegna fjármálafyrirtækja. Tilföll voru 456 talsins á síðasta ári sem nemur fækkun um 309 mál eða 40% frá árinu 2012. Þar af voru mál hjá Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki einungis 20 talsins árið 2019 og hafa þau ekki verið færri síðan árið 2007.

Fjöldi mála í starfsemi úrskurðarnefnda

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki



Ísland af gráa listanum


Mikilvægt að stjórnvöld og atvinnulíf gangi í takt í peningaþvættisvörnum

sff.

Ísland hefur verið fjarlægð af lista yfir ríki með ófullnægjandi varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eða hinum svokallaða „gráa lista“. Ákvörðunin var tekin á aðalfundi Financial Action Task Force (FATF) sem er alþjóðlegur fjármálaaðgerðahópur ríkja um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.


Vettvangsathugun fór fram hér á landi í lok september, þar sem staðfest var af hálfu sérfræðinga á vegum FATF að lokið hefði verið með fullnægjandi hætti við þær aðgerðir sem Íslandi var gert að grípa til í því skyni að komast af umræddum lista. Við sama tilefni var jafnframt sannreynt af hálfu umræddra sérfræðinga að til staðar væri ríkur pólitískur vilji hjá íslenskum stjórnvöldum til að halda áfram vinnu við að styrkja varnir Íslands gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Varnir gegn peningaþvætti hafa um alllangt skeið verið hluti af starfsemi fjármálafyrirtækja og beindust athugasemdir FATF því að öðrum þáttum peningaþvættisvarna hér á landi. Langtímaáhrif af veru Íslands á listanum hefðu þó komið fram í starfsemi fjármálafyrirtækjanna og því er það fagnaðarefni að Ísland sé ekki lengur talið áhættusamt ríki.



6. Fjármálavit

Samtök fjármálafyrirtækja hafa, með stuðningi Landssamtaka lífeyrissjóða, starfrækt fræðsluvettvang um fjármálalæsi undir heitinu Fjármálavit. Tilgangurinn er að stuðla að aukinni kennslu í fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum og bættu fjármálalæsi ungs fólks. Gott fjármálalæsi og vel upplýstir neytendur gera meiri kröfur sem hvetur til aukinnar samkeppni og nýsköpunar í vöru og þjónustu. Þannig felur gott fjármálalæsi í sér samfélagslegan ávinning okkur öllum til hagsbóta.



Fjármálavit

Fræðsla er undirstaða farsældar í fjármálum

sff.

Markmið

- að bæta fjármálalæsi og stuðla að upplýstri ákvarðanatöku í fjármálum með áherslu á sparnað og fyrirbyggju.
- að fjármálafræðsla verði fest í sessi í aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla og henni sett skýr og mælanleg hæfniviðmið þannig að ljóst sé hvað nemendur eiga að kunna og geta þegar námi lýkur.



Fjármálavit

sff.

Yfir þrjú hundruð starfsmenn aðildarfyirtækja hafa farið í skólaheimsóknir

Skólaheimsóknir á tímum veiru

Skólaheimsóknir Fjármálavits eru vinsælar hjá kennurum og nemendum og ekki síður hjá starfsfólki aðildarfélaganna SFF sem hafa sinnt þessum heimsóknum með fræðslu um fjármál undanfarin ár. Vegna kórónuveirunnar hafa heimsóknir á árinu 2020 verið færri en venja er en tilraunir með rafræna fræðslu hafa þó gefist vel. Frá árinu 2015 hafa 310 starfsmenn á vegum verkefnisins heimsótt yfir sextán þúsund nemendur.

Vinsælt námsefni

Námsefni Fjármálavits er skemmtilegt og líflegt og í takti við veruleika unglunga nútímans. Síðustu misserin hafa grunnskólar fengið eintök af bókinni „Fyrstu skref í fjármálum“ eftir Gunnar Baldvinsson að gjöf fyrir nemendur í 10. bekk. Góður rómur er meðal kennara af bókinni og hefur áhugi á henni vaxið jafnt og þétt en yfir sjö þúsund eintök hafa borist til grunnskóla landsins.

Samhliða þessu hefur kennurum gefist kostur á að sækja námskeið í kennslu í fjármálalæsi en þau námskeið hefur Fjármálavit haldið í samvinnu við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.



310

Starfsmenn aðildarfélaganna í skólaheimsóknir



16.148

Nemendur fengið kennslu



7.165

Námsbækur gefnar



Fjármálavit

Stelpur á landsbyggðinni skora hæst

Fjármálaleikar

Ein af vísbendingum um getu og færni unglinga í fjármálalæsi hér á landi eru niðurstöður árlegrar skólakeppni fyrir nemendur í 10. bekk á vegum Fjármálavits. Keppnin var haldin í þriðja sinn síðastliðið vor þar sem hátt í 600 nemendur víðsvegar á landinu tóku þátt og svöruðu 64 spurningum í vefleik sem tekur mið af markmiðum OECD í færni 15 ára unglinga í fjármálalæsi.

Stelpur á landsbyggðinni skora hæst

Einn af hverjum níu þátttakendum í Fjármálaleikunum svöruðu öllum spurningum með fullt hús stiga. Meðaleinkunn var 8,4 og er hún hærri nú en tvö síðustu árin. Stelpur sýna betri árangur en strákar en þar á undan var munurinn ekki merkjanlegur milli kynja. Landsbyggðin er með hærri einkunn en höfuðborgarsvæðið og eru stelpurnar á landsbyggðinni hæstar á meðan strákar á höfuðborgarsvæðinu eru lægstir.

Skólarnir sem lentu í tíu efstu sætunum í ár eiga það flestir sameiginlegt að kenna fjármálalæsi í einhverri mynd.

